



Í siðareglum Hjálparstarfs kirkjunnar segir: Kynferðisáreitni og einelti er ekki liðið. Stofnunin hefur sett sér reglur um meðferð ofbeldismála, kynferðislegrar og kynbundinnar áreitni. Þær eru eftirfarandi.

Ofbeldi, kynferðislegt og kynbundið áreiti

Telji einhver sá sem tengist starfi Hjálparstarfsins s.s. sem starfsmaður, stjórnarmaður, fulltrúi sjálfboði eða notandi að hann hafi orðið fyrir ofbeldi, kynferðislegu eða kynbundnu áreiti getur hann eða hver annar sem þess verður var kært málið til teymis kirkjunnar um meðferð kynferðisbrota.

- Upplýsingar um ferli mála hjá fagraðinu er að finna á vef kirkjunnar www.kirkjan.is
Nánari upplýsingar hjá kirkjunni.

Teymi þjóðkirkjunnar:

Bragi Björnsson, lögmaður, Lögvern ehf. s. 512 1212, bragi@logvorn.is

Ragna Björg Guðbrandsdóttir

Karl Reynir Einarsson, geðlæknir, gsm. 786 0926

Einelti

Telji einhver sá sem tengist starfi Hjálparstarfsins s.s. sem starfsmaður, stjórnarmaður, fulltrúi, sjálfboði eða notandi, að hann verði fyrir einelti getur hann eða hver annar sem þess verður var, tilkynnt málið til framkvæmdastjóra eða einhvers stjórnarmanna sem ábyrgist úrlausn. Takist þeim ekki innan tveggja vikna að leysa málið með viðkomandi aðilum þannig að sátt ríki, geta aðilar einhliða farið fram á að sérfræðingur verði fenginn til ráðgjafar. Skal það gert svo fljótt sem kostur er, enda einelti til þess fallið að draga úr afköstum og geta valdið varanlegum persónulegum skaða hjá þeim sem fyrir því verður.

(Janúar 2011)

Uppfært á stjórnarfundum Hk 5.4.2022.